

Guðlaugur H Sigurjónsson/Gunnar Kristinn Ottósson
Guðlaugur.H.Sigurjonsson@Reykjanesbaer.is, Gunnar.K.Ottosson@Reykjanesbaer.is

Ráðhús Reykjanesbæjar

13.júní 2023
2023-04-77/11.1

Efni: Nýir jarðstrengir milli tengivirkis á Fitjum og Verne á Ásbrú. Ósk um óverulega breytingar á aðalskipulagi.

Landsnet vinnur að undirbúningi á lagningu tveggja nýrra 132 kV jarðstrengjum. Annars vegar Ásbrúarlína 5 milli Fitja og Ásbrú (2 km) og hins vegar Ásbrúarlína 6 milli Njarðvíkurheiði og Ásbrúar (5 km). Verkefnið er til komið vegna óska Verne Global eftir tveimur aðskildum 132 kV tengingum við gagnaver fyrirtækisins á Ásbrú í Reykjanesbæ.

Áætluð lega þeirra er sýnd á meðfylgjandi mynd.

Í gildandi Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 kemur fram í greinargerð að á milli Fitja og AT4 (svæðið þar sem gagnaver Verne er staðsett) sé gert ráð fyrir tveimur 132 kV jarðstrengjum. Á skipulagsupprætti eru þessar strenglagir m.a. sýndar.

Á fundi sem Landsnet átti með fulltrúum Reykjanesbæjar 16. maí s.l. var farið yfir framangreind áform. Af hálfu fulltrúa Reykjanesbæjar kom fram að þeir teldu að Ásbrúarlína 6 (græn lína) væri í samræmi við skipulag, en þar sem æskilegt væri að Ásbrúarlína 5 færi út fyrir fyrirhugaða íbúðabyggð (IB11) yrði að breyta aðalskipulaginu, þar sem skipulagið hefði gert ráð fyrir að línan færi í gegnum svæðið. Að þeirra mati væru forsendur til þess að óska eftir óverulegri breytingu á aðalskipulaginu.

Í ljósi framangreinds óskar Landsnet eftir því við Reykjanesbæ að gerð verði óveruleg breyting á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035, sem felst í tilfærslu stuttum kafla á jarðstreng milli Fitja og Ásbrúar (AT4), sem felst í færslu norður fyrir svæði sem tilgreint er sem IB11 á aðalskipulaginu, og sýnd sem gul lína meðfylgjandi mynd.

Óski Reykjanesbær eftir frekari gögnum eða upplýsingum um málið er bent á að hafa samband við verkefnastjóra verksins Bjarna Jónsson (bjarni@landsnet.is) eða undirritaða (rut@landsnet.is).



Asbrúarlína 6 liggur áfram að tengivirki á Njarðvíkurheiði og samræmist gildandi aðalskipulagi, sem gerir ráð fyrir jarðstrengstengingum þarna á milli.

Virðingarfyllst,

Rut Kristinsdóttir

Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir